

1. Orðaröð

Ábending:

Áður en byrjað er að fjalla um orðaröð er sniðugt að skipta nemendum í hópa. Síðan er keppni milli hópanna þar sem þeir finna lausn á orðaröðinni í verkefni 1. Kennari getur líka bætt við fleiri „rugluðum“ málsgreinum og látið hópana raða orðunum í þeim saman innan ákveðins tíma. Málsgreinin (eða málsgreinarnar) er síðan notuð sem útgangspunktur til að ræða um orðaröð og setningaliði.

Verkefni 1

- Raðið eftirfarandi orðum í sjálfgefna orðaröð.
- Hvar virðast lýsingarorð helst vilja vera? Hvað með sagnirnar?

svaf náttfötunum yfir sköllótti sig rauðu hraut smáfríði maðurinn í mikið og.

- Sköllótti, smáfríði maðurinn í rauðu náttfötunum hraut mikið og svaf yfir sig.**
- Lýsingarorðin vilja helst standa sem einkunnir fyrir framan nafnorðið sem þau vísa til. Sagnirnar kjósa helst að vera í 2. sæti á eftir frumlagslið.**

Ábending:

Þegar nemendur raða orðunum í sjálfgefna orðaröð er sniðugt að setja orðin á miða og leyfa þeim að raða miðunum saman. Kennari getur líka búið til fleiri setningar til að vinna með eða jafnvel látið nemendur um það.

Verkefni 2

- Stundum breytist merkingin þegar vikið er frá sjálfgefnu orðaröðinni og stundum ekki. Skoðið eftirfarandi málsgrein og athugið hvernig hægt er að víkja frá sjálfgefni orðaröð. Skriðið setninguna upp á eins marga vegu og hægt er.
- Breytist merkingin í einhverjum tilfellum?

Strákurinn með bláu augun kyssti vinsælustu stelpuna í gærkvöldi.

- Um helgina kyssti strákurinn með bláu augun vinsælustu stelpuna.**
- Sama merking en áherslan flyst á tímann, þ.e. hvenær hann kyssti hana.**

- Kyssti strákurinn með bláu augun vinsælustu stelpuna um helgina?**
- Málsgreinin breytist í spurningu þegar sögnin er sett fremst.**

- Strákurinn með bláu augun kyssti um helgina vinsælustu stelpuna.**
- Sama merking en aðeins meiri áhersla á tímann en í upphafsdæminu.**

- a) ? *Vinsælustu stelpuna kyssti strákurinn með bláu augun um helgina.*
- b) Óeðlileg orðaröð

Verkefni 3

- a) Skoðið eftirfarandi erindi úr ljóði eftir Guðmund Böðvarsson.
- b) Á hvaða hátt er vikið frá sjálfgefni orðaröð í erindinu?
- c) Hvers vegna velja ljóðskáld oft þá leið að víkja frá sjálfgefni orðaröð?

Því blaðmjúkra birkiskóga
bíður lauffall og sorg,
og vorhuga þíns bíða vökunætur
í vetrarins hljóðu borg.
Við gluggana frosna þú grætur.

Úr ljóðinu *Kyssti mig sól* eftir Guðmund Böðvarsson

b) Í þessu ljóði velur skáldið að hafa andlagsliði (lína 1 og 3) og forsetningarliði (lína 5) fremst en frumlagið aftan við umsögn (nema í síðustu ljóðlínunni). Sagnliður er eftir sem áður í 2. sæti nema í síðustu hendingunni.

c) Ljóðskáld víkja gjarnan frá hefðbundinni orðaröð til að ná fram ákveðinni stemningu og hughrifum í viðkomandi ljóði. Þau nota einnig orðaröðina til að leggja áherslu á ákveðin orð í ljóðinu auk þess sem stuðlasetning og rím geta einnig haft áhrif.

Verkefni 4

- a) Í eftirfarandi textum er vikið frá sjálfgefni orðaröð. Á hvaða hátt?
- b) Hvaða háttur sagna er einkennandi fyrir þessa texta og hvers vegna?

1. Sjóðið hrísgrjónin eftir leiðbeiningum á umbúðunum. 2. Hrærið saman súrmjólk, majónes, karrí og salt. 3. Setjið soðin hrísgrjónin í smurt, ofnfast fat. Skerið fiskinn í bita og raðið honum yfir hrísgrjónin og stráíð salti yfir. 4. Sneiðið sveppina og dreifið þeim yfir fiskinn. 5. Hellið karrísósunni yfir réttinn. 6. Bakið í miðjum ofni við 200°C í 30-40 mínútur. 7. Stráið osti yfir réttinn og bakið áfram þar til osturinn hefur fengið fallegan lit.

Úr *Af bestu lyst*

Fjarlægjið það sem liggur ofan á. Blandið saman 1 lítra af vatni, 2-3 msk. af uppþvottalegi og 2 msk. af salmiakspíritusi og þeytið þar til froða myndast. Berið froðuna á blettinn og látið liggja. Þerrið með klút undnum í hreinu vatni.

Úr *Heimilishandbókinni*

a) Í öllum tilfellum er sögnin höfð fremst.

b) Í þessum texta er boðhátur ríkjandi því að það er verið að biðja fólk um að framkvæma ákveðna hluti.

Verkefni 5

Þegar fyrirsgnir í blöðum eru skoðaðar má sjá að oft og tíðum er ákveðnum setningarliðum sleppt.

a) Skoðið eftirfarandi fyrirsgnir og flokkið þær eftir því hvort vantar frumlag, umsögn eða andlag.

b) Setjið inn orð þar sem setningarliði vantar.

- 1) Munu beita meira aðhaldi
- 2) Heitir stuðningi
- 3) Röddin tilkomumikið hljóðfæri
- 4) Leigja húsin mótsgestum
- 5) Léleg kjörsókn viðvörunarmerki
- 6) Vill myndna hávaxna menn
- 7) Fangaði tólf lifandi hákarla
- 8) Ungliðar mótmæla
- 9) Óttast ásakanir
- 10) Stjórnin tapar

a)

Í liðum 1, 4, 6 og 7 er frumlagi sleppt.

Í lið 2 er frumlagi sleppt og bæta má við öðru andlagi.

Í liðum 3 og 5 vantar umsögn.

Í lið 9 vantar frumlag og eignarfallseinkunn.

Í liðum 8 og 10 vantar andlag.

b)

- 1) Þeir
- 2) Hann, (þeim)
- 3) Er
- 4) Hjónin
- 5) Er
- 6) Leikstjórinn

- 7) Sjómaðurinn
- 8) Launalækkunum
- 9) Ríkisstjórnin, stjórnarandstöðunnar
- 10) Kosningunum

Ábending:

Hægt er að koma með dagblöð í tíma og skipta nemendum í hópa. Hver hópur finnur ákveðinn fjölda fyrirsagna þar sem vantar frumlag, umsögn eða andlag. Hópurinn getur leikið sér að því að setja inn orð í staðinn og gert síðan grein fyrir niðurstöðum.

2. Aðalsetningar og aukasetningar

Verkefni 6

- a) Skiptið eftirfarandi málsgreinum í aðalsetningar og aukasetningar.
- b) Greinið aukasetningarnar í atvikssetningar, fallsetningar og tilvísunarsetningar.

A=aðalsetning; Au=aukasetning

- 1) Við ætlum í bíó (**A**) en börnin verða heima á meðan (**A**).
- 2) Ég skal hjálpa þér (**A**) þegar ég er búin að borða (**AU/atvs.**).
- 3) Veistu nokkuð (**A**) hvort hann kemur í kvöld (**AU/falls.**).
- 4) Hvernig fannst þér bókin (**A**) sem þú varst að lesa (**AU/tilvs.**).
- 5) Ég ætla að drífa mig í heimsókn (**A**) þegar Guðjón hringir í mig (**AU/atvs.**) og segir mér (**A**) að ég megi koma (**Au/falls.**).
- 6) Þegar stelpurnar komu úr bænum (**AU/atvs.**) voru þær (**A**) eins og þær hefðu lent undir valtara (**AU/atvs.**).

Verkefni 7

- a) Í íslensku er yfirleitt að finna umsögn í hverri setningu. Byrjið á því að strika undir umsagnir í eftirfarandi texta.
- b) Skiptið síðan textanum í aðalsetningar og aukasetningar.
- c) Greinið aukasetningarnar í atvikssetningar, fallsetningar og tilvísunarsetningar.

A=aðalsetning; AU/Atvs.; AU/Falls.; /AU/Tilvs.

-- = skil á milli setninga

Fólk gerir sér yfirleitt ekki grein fyrir (A) -- hversu ótrúlegt afrek máltaka barna er (AU/Falls.). Mannlegt mál er mjög flókið kerfi tákna og reglna (A) -- en samt ná ósjálfbjarga börn valdi á móðurmáli sínu á undraskömmum tíma (A). Flest börn eru orðin altalandi um 4-6 ára aldur (A) -- og hafa þá náð valdi á málkerfinu í meginatriðum, (A) -- þó þau eigi enn eftir að tileinka sér einstaka reglur málsins (AU/Atvs.) -- og (**þó að þau eigi eftir að**) öðlast meiri orðaforða (AU/Atvs.). Börn ná líka valdi á móðurmáli sínu svo til sjálfkrafa (A) -- og (ná valdi... – **hér má líta svo á að hluti setningarinnar á undan sé undanskilinn**) án áreynslu (A). Til samanburðar má nefna (A) -- að það tekur stálpaða unglunga og fullorðið fólk mörg ár að ná valdi á erlendu máli (AU/Falls.) og (**að**) fæstir ná sama árangri og börnin (Au/Fall. – **hér er dæmi um að aðaltenging geti tengt saman tvær aukasetningar því að skýringartengingin er undanskilin**) -- þó þeir stundi strangt skólanám (AU/Atvs.).

Manninum virðist áskapað að læra mál (A). Rannsóknir á heila manna sýna (A) -- að í vinstra heilahveli eru sérhæfðar málstöðvar (Au/Falls.) -- sem sjá um mismunandi þætti móðurmálsins (AU/Tilvs.). Rannsóknir sýna einnig (A) -- að máltöku manna virðast vera sett ákveðin tímamörk frá náttúrunnar hendi (AU/Falls.). Talað er um máltökuskeið eða markaldur í máltöku (A) -- og er þá átt við tímabilið frá fæðingu og fram að kynþroska (A). Barn verður að læra móðurmál sitt á þessum markaldri (A) -- annars er ekki hægt að tala um (AU/Atvs.) -- að það hafí neitt mál að móðurmáli (AU/Falls.).

Úr grein eftir Sigríði Sigurjónsdóttur, <http://visindavefur.hi.is/>

Ábending:

Þessi texti reynist nemendum heldur þungur. Farin er sú leið í námsefninu að hafa umfjöllun um aukasetningar ekki of flókna. Til dæmis er ekki fjallað um *nafnháttarsetningar* og þau tilvik þegar aðaltengingar tengja saman tvær aukasetningar. Í textanum eru þó dæmi um slíkt og getur kennari þá reifað það.

Verkefni 8

Búið til málsgreinar sem eru myndaðar á eftirfarandi hátt:

Hugmynd að svari:

ein aðalsetning og fallsetning:

Hún ákvað -- að hann færi þangað.

tvær aðalsetningar og atvikssetning:

Nemandinn var orðinn of seinn í skólann -- en strætó hafði verið seinn -- þannig að allt fór úr skorðum.

tvær aðalsetningar og tilvísunarsetning:

Kennarinn átti eftir að búa til prófið -- en var þó með ýmislegt tilbúið -- sem flýtti mikið fyrir honum.

ein aðalsetning og atvikssetning og fallsetning:

Skólameistarinn var orðinn mjög svangur -- þannig að hann spurði matráðskonuna -- hvort hann gæti byrjað strax að borða.

tvær aðalsetningar og ein fallsetning og ein tilvísunarsetning:

Iðnaðarmennirnir unnu allt sumarið -- og veltu fyrir sér -- hvenær í ósköpunum þessu verki lyki --sem virtist taka svo óendanlega langan tíma.

Ábending:

Hér er upplagt að skipta nemendum í hópa og láta hópana síðan fara yfir hver hjá öðrum.

Verkefni 9

- Í eftirfarandi texta eru einungis tveir punktar notaðir. Reynið að átta ykkur á því hvar punktar gætu verið. Þið megið fella burt samtengingar ef þess þarf.
- Hafið í huga reglur um kommuetningu.
- Hvað er það sem breytist í textanum fyrir utan greinarmerkin?

Hugmynd að svari:

Hann var í upphöfnu ástandi þar sem hann lá á bekknum einsog tilbúinn til flugtaks. Liðið hafði sigrað og hann skoraði sigurmarkið. **Hann** sagði að nú væri viðbúið að honum kæmi ekki dúr á auga í nótt, heldur mundi **hann** sjá fyrir sér markið aftur og aftur, hvernig hann náði sendingunni, lék á varnarmennina tvo í teignum og negldi boltann í fjærhornið. **Hann** mundi ekki ráða við hugann frekar en þegar sýður uppúr potti. **Hann** sagði að þótt það væri mest um vert að stjórna huganum í fótbolta þá brygðist öll svoleiðis stjórnun á svona stundum sem hann vissi ekki hvort kalla

skyldi andvökustundir eða sigurstundir. Hugurinn tæki stjórnina og sýndi þetta aftur og aftur og sömu tilfinningar losnuðu úr læðingi í hvert sinn. Það væri ekki fyrr en undir morgun þegar farið væri að sjóða á heilanum að hann mundi losna úr þessu augnabliki og komast í það næsta þar sem hann lá undir fagnandi félagahrúgunni. Svo lyftist hann allur og ég vissi að það var byrjað og gat ekkert gert nema veifa honum, og olían draup af höndum mér.

Úr *Fótboltasögum* eftir Elísabetu Jökulsdóttur

c) Aðallega það að sumstaðar eru samtengingar felldar úr, þeim bætt við og frumlagi bætt inn í textann.

Ábending:

Í þessu verkefni er upplagt að láta hvern og einn nemanda finna út hvað á sér stað í textanum og hvar viðkomandi einstaklingur er staddur. Kennarinn getur síðan gengið á milli nemenda og þeir hvíslað svarinu að honum. Þeir sem átta sig á réttum aðstæðum fara fram og búa til stafarugl úr svarinu og skrifa upp á töflu og hinir eiga að reyna að finna út úr því. Svarið getur verið *nuddsofa* og stafaruglið þá til dæmis *fsodtduna*.

Hér er mögulegt að varpa textanum óbreyttum upp. Hópurinn getur þá í sameiningu breytt honum og þá geta komið upp ýmis álitamál sem athyglisvert er að ræða.

Verkefni 10

- Skoðið eftirfarandi textabrot og greinið það í aðalsetningar og aukasetningar.
- Strikið undir umsagnirnar. Vantar sögn í persónuhætti í einhverjar setningar? Hvernig ætli standi á því?

A=aðalsetningar; AU=aukasetningar

Austmaður mælti: (A) „Fuglar þeir munu vera manna fylgjur (A) en húsfreyja þín er eigi heil (A) og mun hún fæða meybarn frítt og fagurt (A) og munt þú unna því mikið (A). En göfgir menn munu biðja dóttur þinnar úr þeim ættum (A) sem þér þóttu ernirnir fljúga að (AU) og leggja á hana ofurást (A) og berjast um hana (A) og látast báðir af því efni (A). Og því næst mun hinn þriðji maður biðja hennar úr þeirri ætt (A) er valurinn fló að (AU) og þeim mun hún gift vera (A). Nú hefi ég þýddan draum þinn (A) og hygg eftir munu ganga“ (A). Þorsteinn svarar (A) „Illa er draumur ráðinn og óvingjarnlega,“ (A) sagði hann, (A) „og munt þú ekki drauma ráða kunna“ (A). Austmaður segir (A) „Þú munt að raun um komast (A) hversu

eftir gengur“ (AU). Þorsteinn lagði fæð á Austmanninn (A) og fór hann á brott um sumarið (A) og er hann nú úr sögunni (A).

Úr *Gunnlaugs sögu ormstungu*

b) Það vantar sögn í persónuhætti í málsgreinina sem byrjar á: *En göfgir menn munu biðja... (munu) leggja... (munu) berjast... (munu) látast...* Þar er ýmislegt talið upp sem göfgir menn munu gera og látið duga að setja Athhjálparsögnina *munu* einu sinni í textann.

Ábending:

Hægt er að nýta þetta verkefni sem upprifjun um hætti og það hvernig yfirleitt þarf að vera persónuháttur (sýnilegur eða undanskilinn) til að mynda fallhátt.

3. Forsetningarliðir

Verkefni 11

a) Í eftirfarandi texta eru margir forsetningarliðir. Setjið hornklofa utan um þá.

Það var einn dag [fyrir sláttinn], að ég var kominn [á hvíta brók og ljósbláa sokka], og saumaði þá upp [um mig] fyrir [neðan hnéð]. [Að ofanverðu] var ég snöggklæddur, [á grænum bol og dúkskyrtu], [með nýlegan hatt], sem ég hafði keypt [fyrir lamb], og þótti mér það vera fallegur hattur. Sona stóð ég úti [á hlaði] [með hárband og ljósgráan tínupoka], og þar [að auki] var ég vel útbúinn [að snærum].

Úr *Grasaferð* eftir Jónas Hallgrímsson

Ábending:

Orðið *neðan* er yfirleitt greint sem atviksorð. Í þessum texta stýrir *neðan* hins vegar falli og er því í raun í hlutverki forsetningar. Einnig mætti líta svo á að *fyrir neðan* sé ein og sama forsetningin. Hins vegar hefur *fyrir* í ofanrituðum texta glatað forsetningarhlutverki sínu (þ.e. stýrir ekki falli) og mætti því líta á það sem atviksorð.

Hér er tækifæri fyrir kennara að ræða við nemendur um það hvað hlutverk orðanna innan setninga skipta miklu máli því að þau ákvarða orðflokkinn.

4. Atviksliðir

Verkefni 12

- Finnið atviksliðina í eftirfarandi texta.
- Greinið atviksorðin í undirflokk.
- Er eitthvað athugavert við stafsetningu einhverra atviksorða í þessum texta Halldórs Laxness?

[Nú] (**tao.**) bar [svo] (**hao.**) [við] (**ao.**) eitt kvöld þegar hún gekk yfir plássið á heimleið, sköruleg ásýndum, klædd þokkalegum peysubúningi sínum einsog [ávalt] (**tao.**) utan dyra, og bar sjalið [drotningarlega] (**hao.**) yfir herðunum, [þá] (**tao.**) kemur Salka Valka í veg fyrir hana og heilsar [upp]á (**upp=stao.** – **merkingin þó í raun ekki staður í þessu tilviki**) hana [fyrirvaralaust] (**hao.**) og gretti sig [svólítið] (**hao.**) [framan]í (**framan=stao.**) hana um leið.

Úr *Sölku Völku* eftir Halldór Laxness

- c) ávalt => ávallt
drotningarlega => drottningarlega
uppá => upp á
framaní => framan í

Ábending:

Ef í bekknum eru einhverjir sem vilja láta ljós sitt skína geta þeir leikið þennan texta; sérstaklega ef einhver lumar á góðri grettu!

Verkefni 13

- Finnið atviksliðina í eftirfarandi texta.
- Hvers konar atviksorð eru ráðandi í textanum?

Gummi, Stjáni og Magga ná sér í pála og rekur. Við Stína, Gugga og Sigga eigum að skoða allt [vandlega] (**hao.**) sem þau moka [upp] (**stao.**). Strákarnir verða [strax] (**tao.**) [svo] (**áao.**) æstir að þeir moka af jötunmóð stórum hnausum til okkar sem við gruflum [í] (**ao.**). En Magga lætur okkur [ekki] (**ao.**) fá neina hnausa sem hún stingur [upp] (**stao.**). Hún athugar þá [vandlega] (**hao.**) sjálf og ætlar að helga sér það sem hún finnur í þeim. Haugurinn er glerharður og verkið gengur [seint] (**hao.**). Ekkert fémætt kemur úr hnausunum nema örfá brot úr disk, öll

[augskýnilega] (**hao.**) úr sama diskinum, með örsmáum sprungum og litlum bláum doppum.

Úr *Sossu sólskinsbarni* eftir Magneu frá Kleifum

b) Háttaratviksorð koma oftast fyrir því að í textanum er því oft lýst *hvernig* eitthvað er gert. Þó koma fleiri flokkar atviksorða einnig fyrir.

Verkefni 14

- a) Búið til þrjár setningar sem innihalda atvikslið. Í hverjum atvikslið á að vera annar atviksliður.
b) Hvers konar atviksorð mynda slíkan lið?

**a) Stúlkan söng [mjög fallega].
Við hlupum [rosalega hratt].
Okkur gekk [ótrúlega vel] á prófinu.
Hann kom [mjög oft] í heimsókn.**

b) Áhersluatviksorð og háttaratviksorð; áhersluatviksorð og tíðaratviksorð.

Verkefni 15

- a) Prófið að setja atviksorðin *oft*, *hvenær* og *hratt* og inn í eftirfarandi setningar.
b) Um hvers konar atviksorð er að ræða og hvar getur hvert atviksorð staðið í setningum sem þessum?
c) Getið þið dregið einhverjar ályktanir af þessum athugunum?

Þórunn hefur sungið lagið.

Þórunn söng lagið.

a) oft:

Þórunn hefur *oft* sungið lagið.
Þórunn hefur sungið lagið *oft*.

Þórunn söng *oft* lagið.
Þórunn söng lagið *oft*.

hvenær:

Hvenær hefur Þórunn sungið lagið?

Hvenær söng Þórunn lagið?

Eðilegast er að nota atviksorðið *hvenær* fremst í setningunum en eins og sjá má þá þarf að breyta orðaröðinni og setningarnar breytast í spurningu.

hratt:

Þórunn hefur sungið lagið *hratt*.

Þórunn söng lagið *hratt*.

b) *oft* = tíðaratviksorð; *hvenær* = spurnaratviksorð; *hratt* = háttaratviksorð

Oft getur staðið á eftir sögninni í persónuhætti og aftast.

Hvenær gæti einungis staðið fremst en þá þyrfti að breyta orðaröðinni.

Hratt getur staðið aftast.

c) Tíðaratviksorð geta staðið á fleiri en einum stað í setningu, t.d. á eftir sögn í persónuhætti og aftast. Tíðaratviksorð gæti líka staðið fremst í setningu en þá þyrfti að færa sögnina í persónuhætti í 2. sætið (sögn í persónuhætti rígheldur yfirleitt í það sæti) og frumlagið aftar.

Spurnaratviksorð er helst fremst í setningu eins og spurnarorð eru yfirleitt. Þá kemur sögnin í persónuhætti yfirleitt á eftir spurnarorðinu.

Háttaratviksorð geta ekki staðið framan við umsögn, frumlag eða andlag.

5. Lýsingarliðir

Verkefni 16

- Finnið lýsingarliðina í eftirfarandi texta og segið til um hvort þeir eru í stöðu einkunnar eða sagnfyllingar.
- Eru lýsingarliðir mikilvægir í textum sem þessum? Hvers vegna?
- Notkun lýsingarorða í textanum er frekar einhæf. Er hægt að hafa hana fjölbreyttari?

Góð (E) 2ja herbergja 61,1fm íbúð á 4. hæð í góðu (E) fjölbýli. NÁNARI (E)

LÝSING: Eldhús er opið (S) inn í stofu með stórum (E) gluggum og svölum sem snúa til suðurs. Eldhúsinnrétting er gömul (S) en snyrtileg (S). Baðherbergi er með baðkari og lítilli (E) innréttingu. Svefnherbergi er rúmgott (S) með góðum (E) skápum. Góð (E) geymsla er í kjallara ásamt sameiginlegu (E) þvottahúsi og hjólageymslu. Góður (E) garður með leiktækjum er bakatil. Stutt (S - **sagnorð undanskilið: stutt er**) í skóla, verslun og íþróttastöðu.

<http://www.mbl.is/fasteignir/>, 25.06.2004

b) Já, lýsingarliðir eru mikilvægir í textum sem þessum. Lýsingarorðin gera textann greinarbetri og gera betur grein fyrir því um hvers konar húseign er að ræða. Textinn er „lýsing“ á einhverju.

c) Þetta er dæmigerð lýsing á fasteign. Lýsingarorðið *góður* kemur nokkuð oft fyrir og það mætti e.t.v. leika sér að því að setja inn eitthvert annað orð í staðinn.

Ábending:

Hér er skemmtilegt að láta nemendur vinna þetta í hópum. Hver hópur skrifar með stórum stöfum á blað hversu margar sagnfyllingarnar og einkunnirnar eru. Síðan lyfta allir hóparnir blöðunum upp í einu og í ljós kemur hverjir hafa rétt fyrir sér.

Verkefni 17

- Búið til þrjár setningar með lýsingarlið sem inniheldur áhersluatviksorð. Notið mismunandi áhersluatviksorð.
- Greinið lýsingarliðina á sama hátt og í dæmunum hér á undan.

Ég las [mjög langa] bók.

LI -> AI lo

↳ áao

Maðurinn var með [rosalega stóran] hatt.

LI -> AI lo

↳ áao

Dóttir mín er [frekar ákveðin].

LI -> AI lo

↳ áao

6. Nafnliðir

Verkefni 18

- Gerið hornklofa utan um nafnliðina í eftirfarandi setningum.
- Greinið liðina á sama hátt og gert í dæmunum hér á undan.

[Maðurinn] horfði út um [gluggann].

NI -> no

NI -> no

Á [þessum árstíma] sjást [falleg blóm] víða.

NI -> áfn no

NI -> LI no

↳ lo

[Páll] setti [myndina] í [frekar stóran ramma].

NI -> no

NI -> no

NI -> LI no

↳ AI lo

↳ áao

[Nýi bíllinn minn] er bilaður.

NI -> LI no efn

↳ lo

Verkefni 19

- Búið til ljóð, rímað eða órímað, sem inniheldur að minnsta kosti eitt fornafn úr hverjum undirflokki.
- Gerðu hornklofa utan um þá nafnliði sem búnir eru til úr sérstæðu fornafni.

Ábending:

- Hver sætaröð býr til eina línu (með a.m.k. einu fornafni) á strimil. Strimlunum er safnað saman og þeir dregnir af handahófi og „ljóðið“ skrifað upp á töflu. Hægt er að greina síðan nafnliðina í ljóðinu og finna hlutverk þeirra.
- Nemendum er skipt í hópa og hver hópur semur eitt ljóð og setur á glæru. Hópurinn gerir grein fyrir nafnliðunum sem búnir eru til úr sérstæðum fornöfnum.

Verkefni 20

A.

- Setjið hornklofa utan um nafnliðina í eftirfarandi texta.
- Strikið undir ákvæðisorð sem standa inni í nafnliðunum.
- Hvers konar ákvæðisorð eru notuð?
- Greinið þá nafnliði sem innihalda ákvæðisorð.

a) + b)

Eftir að [konan] dó fékk [hann] [sér] [leirbrennsluofn] og bjó til [krukkur] og [ker] í [kjallaranum] á [litla hvíta húsinu sínu] sem stendur upp undir [brekkunni], efst í [bænum]. [Þetta] var [stór maður] og lágt undir [loft] í [kjallaranum], [hann] stóð oft þarna hálfboginn frá [morgni] til [kvölds] og renndi og brenndi á [veturna], en á [sumrin] sat [hann] úti í [garðinum] innan um [hátt rænfang] og [reynitré] og reykti [vindla] og las [blöðin].

Úr *Vatnsfólkinu* eftir Gyrði Elíasson

c) Ákvæðisorðin eru lýsingarorð.

d) [litla hvíta húsinu sínu]
NI -> LI LI no efn
L> lo L> lo

[stór maður]
NI -> LI no
L> lo

[hátt rænfang og reynitré]
NI -> NI st NI
L> LI no L> no
L> lo

B.

a) Hvað eru margir nafnliðir í textanum úr *Vatnsfólkinu* eftir Gyrði Elíasson? **25**

b) Hvað eru margir nafnliðir af eftirfarandi gerðum:

NI -> no fjöldi: **17**

NI -> fn fjöldi: **5**

NI -> LI no
↳ fjöldi: **2**

NI -> LI LI no fn
↳ lo ↳ lo fjöldi: **1**

c) Hvaða gerð af nafnliðum er algengust? Hvaða liður er í 2. sæti?

Algengast er að nafnliður sé eitt nafnorð, þ.e. NI -> no, og næstalgengast að nafnliður sé sérstætt fornafn, þ.e. NI -> fn.

Ábending:

Hér er hægt að láta nemendur svara með fingrunum (hljóðlaust) hversu margir nafnliðir eru af hverri gerð.

Verkefni 21

Í verkefni 11 settuð þið hornklofa utan um forsetningarliðina í textanum. Afmarkið og greinið alla forsetningarliði í textanum.

Það var einn dag [fyrir sláttinn], að ég var kominn [á hvíta brók og ljósbláa sokka], og saumaði þá upp [um mig] fyrir [neðan hnéð]. [Að ofanverðu] var ég snöggklæddur, [á grænum bol og dúkskyrtu], [með nýlegan hatt], sem ég hafði keypt [fyrir lamb], og þótti mér það vera fallegur hattur. Sona stóð ég úti [á hlaði] [með hárband og ljósgráan tínupoka], og þar [að auki] var ég vel útbúinn [að snærum].

Úr *Grasaferð* eftir Jónas Hallgrímsson

[fyrir sláttinn]

FI -> fs NI
↳ no

[á hvíta brók og ljósbláa sokka]

FI -> fs NI st NI
↳ LI no ↳ LI no
↳ lo ↳ lo

[um mig]

FI -> fs NI
↳ pfn

[neðan hnéð]

FI -> fs NI
↳ no

[að ofanverðu]

FI -> fs LI
↳ lo

[á grænum bol og dúkskyrtu] [með nýlegan hatt] [fyrir lamb]
 Fl -> fs NI st NI Fl -> fs NI Fl -> fs NI
 ↳ LI no ↳ no ↳ LI no ↳ no
 ↳ lo ↳ lo

[á hlaði] [með hárband og ljósgráan tínupoka] [að auki]
 Fl -> fs NI Fl -> fs NI st NI Fl -> fs NI
 ↳ no ↳ no ↳ LI no ↳ no
 ↳ lo ↳ lo

[að snærum]
 Fl -> fs NI
 ↳ no

Ábending:

Algengast er að forsetningarliður innihaldi nafnlið. Í textanum með þessu verkefni má þó sjá dæmi um forsetningarlið tekur einungis með sér lýsingarlið (sbr. *að ofanverðu*). Með verkefni 11 í lausnahefti er athugasemd um forsetningarliðinn *neðan hnéð*.

Verkefni 22

Gerið hornklofa utan um þá nafnliði sem innihalda eignarfallseinkunn og greinið þá eins og í dæmunum hér að ofan.

[Dóttir Jóns] er kennari.
 NI -> no NI
 ↳ no

[Hið nýja leikrit Þjóðleikhússins] var frumsýnt í gær.
 NI -> gr LI no NI
 ↳ lo ↳ no

Verkefni 23

- Skoðið eftirfarandi texta og gerið hornklofa utan um nafnliðina.
- Greinið þá nafnliði sem taka með sér fylliliði.

[Fegurðin] er hræðileg þegar [maður] skelfur úr [kulda]. Þá er eiginlega best að [allt] sé ljótt og leiðinlegt. [Lappirnar á mér] skynjuðu ekki [fegurð stjarnanna] sem gláptu á [mig] ofan af [festíngunni] einsog [forvitnir smákrakkar]. [Ég] hugleiddi [það] að grafa [mig] í [fönn] og láta þar fyrirberast uns [hjálparsveitir skáta] kæmu með [prik] og [hunda].

Úr bókinni *Gauragangur* eftir Ólaf Hauk Símónarson

[Lappirnar á mér]

NI -> no FI
L> fs NI
L> pfn

[fegurð stjarnanna]

NI -> no NI
L> no

[hjálparsveitir skáta]

NI -> no NI
L> no

Verkefni 24

Gerði hornklofa utan um þá nafnliði sem taka með sér forsetningarlið sem fyllilið og greinið þá.

Ég keypti [myndarammann með gylltu röndunum].

NI -> no FI
L> fs NI
L> LI no
L> lo

Halldór kyssti [stelpuna í stutta bleika pilsinu].

NI -> no FI
L> fs NI
L> LI LI no
L> lo L> lo

Verkefni 25

- Skoðið eftirfarandi bókatitla. Hver bókatitill er einn nafnliður. Greinið nafnliðina.
- Hvers konar fylliliði taka nafnliðirnir með sér?

1) Stúlka með fingur

NI -> no FI
L> fs NI
L> no Fylliliðurinn er forsetningarliður

2) Húsið með blindu glersvölunum

NI -> no FI
L> fs NI
L> LI no
L> lo Fylliliðurinn er forsetningarliður

3) Ástin fiskanna

NI -> no NI
L> no Fylliliðurinn er eignarfallseinkunn

4) Fingurkossar frá Iðunni

NI -> no FI
L> fs NI
L> no Fylliliðurinn er forsetningarliður

5) Heimskra manna ráð

NI -> NI no

↳ LI no

↳ lo Fylliliðurinn er eignarfallseinkunn – athugið að eignarfallseinkunnin er á undan

6) Fyrirgefning syndanna

NI -> no NI

↳ no Fylliliðurinn er eignarfallseinkunn

Verkefni 26

- Gerði hornklofa utan um nafnliðina í eftirfarandi texta.
- Tilgreinið hlutverk nafnliðanna (frumlag, andlag, sagnfylling og hluti af FI).

[Ég] (**frumlag**) hitti [mjög áhugaverðan mann] (**andlag**) í [morgun] (**hluti af FI**).

[Hann] (**frumlag**) sagði [mér] (**andlag**) að [hann] (**frumlag**) væri [rithöfundur]

(**sagnfylling**) og hefði skrifað [margar bækur] (**andlag**). [Hann] (**frumlag**) bauð

[mér] (**andlag**) á [kaffihús] (**hluti af FI**) og sagði [mér] (**andlag**) [margar

skemmtilegar sögur] (**andlag**). [Þessi rithöfundur] (**frumlag**) er nú að skrifa [bók]

(**andlag**) sem kemur út fyrir [næstu jól] (**hluti af FI**).

Verkefni 27

Skrifið stutta lýsingu á einhverjum bekkjarfélagum ykkar og látið lýsinguna innihalda nafnliði í hlutverki frumlags, andlags, sagnfyllingar og hluta af forsetningarliði.

Verkefni 28

- Finnið nafnliðina í eftirfarandi textabroti.
- Tilgreinið hlutverk nafnliðanna (frumlag, andlag, sagnfylling eða hluti af FI).

Ætla má að [sagnaskemmtun] (**frumlag**) hafi verið almenn í [landinu] (**hluti af FI**)

á [tímabilinu fyrir ritöld] (**hluti af FI – seinni FI er fylliliður**) þótt líklegt sé að

[mestur þróttur] (**frumlag**) hafi verið í [henni] (**hluti af FI**) þar sem margir voru

[áheyrendur og sögumenn] (**sagnfylling**), en fyrir utan [Þingvelli og aðra þingstaði]

(**hluti af FI**) um [þingtíma] (**hluti af FI**) hefur [slíkra aðstæðna] (**andlag**) helst verið

að vænta á [höfðingjasetrum] (**hluti af FI**). [Sagnaritun] (**frumlag**) hefur verið

[fárra iðja] (**sagnfylling**) þótt allmargir fengu notið [ritaðra sagna] (**andlag**) með því að hlýða á [upplestur] (**hluti af FI**).

Úr *Íslenskri bókmenntasögu II*

Verkefni 29

- Finnið nafnliðina í eftirfarandi texta.
- Tilgreinið hlutverk nafnliðanna (frumlag, andlag, sagnfylling, hluti af FI).

Þegar [ég] (**frumlag**) var [lítill drengur] (**sagnfylling**) voru [vísindin] (**frumlag**) aðeins [heimatilbúnaar hugdettur] (**sagnfylling**): [nóttin] (**frumlag**) [alda] (**sagnfylling**) á [leið] (**hluti af FI**) yfir [landið] (**hluti af FI**), [dagarnir] (**frumlag**) [tré] (**sagnfylling**) sem í [rótleysi] (**hluti af FI**) sigldu um [höfin] (**hluti af FI**), [öll þessi einmana höf] (**hluti af FI – hér er í raun verið að endurtaka liðinn á undan**) sem liðu um [hugann] (**hluti af FI**) og flæddu út í [myrkrið] (**hluti af FI**).

Úr *Englum alheimsins* eftir Einar Má Guðmundsson

Ábending:

Hér má benda nemendum á að höfundur notar það stílbragð að sleppa t.d. sums staðar umsögnum.

Verkefni 30

- Finnið nafnliðina í eftirfarandi textabrotum.
- Tilgreinið hlutverk nafnliðanna (frumlag, andlag, sagnfylling og hluti af FI). Athugið að stundum er vikið frá sjálfgefni orðaröð.
- Greinið nafnliðina í síðara textabrotinu.

Fyrir [daga lyfjanna] (**hluti af FI**) voru [sumar deildirnar] (**frumlag**) bara [stórir salir] (**sagnfylling**) þar sem [sjúklingar] (**frumlag**) gengu naktir um [gólf] (**hluti af FI**). Ekki mátti hengja [myndir] (**andlag**) á [veggina] (**hluti af FI**) eða hafa [blóm] (**andlag**) úti í [gluggum] (**hluti af FI**). Álitið var að [sjúklingarnir] (**frumlag**) ætu [blómin] (**andlag**) og lemdu [hver annan] (**andlag**) með [myndunum] (**hluti af FI**).

Í [huga mömmu minnar] (**hluti af FI**) voru [engar slíkar hugsanir] (**frumlag**). Í [hennar augum] (**hluti af FI**) var [þetta] (**frumlag**) [bjartur dagur] (**sagnfylling**).

Úr *Englum alheimsins* eftir Einar Má Guðmundsson

[huga mömmu minnar]
NI -> no NI
↳ no efn

[engar slíkar hugsanir]
NI -> ófn LI no
↳ lo

[hennar augum]
NI -> NI no
↳ pfn

[þetta]
NI -> áfn

[bjartur dagur]
NI -> LI no
↳ lo

7. Sagnliðir

Verkefni 31

- Finnið sagnliðina í eftirfarandi setningum og greinið þá.
- Hvers konar fylliliðir fylgja sögnunum (sagnfylling, andlag eða staðarliður)?

Í lausninni hér að neðan eru fylliliðirnir undirstrikaðir.

Nemandinn [reiddist kennaranum].

SI -> so NI
↳ no Fylliliðurinn er andlag

Sunna [hefur tínt mörg blóm] í garðinum.

SI -> so SI
↳ so NI Fylliliðurinn er andlag
↳ LI no
↳ lo

Þau [eru góðir nemendur].

SI -> so NI Fylliliðurinn er sagnfylling
↳ LI no
↳ lo

Ég [hef (oft) farið til útlanda]. Tíðaratviksliðurinn tilheyrir ekki sagnliðnum

SI -> so SI
↳ so FI Fylliliðurinn er staðarliður með hreyfingarsögn
↳ fs NI
↳ no

Litli strákurinn [hafði meitt sig].

SI -> so SI
↳ so NI Fylliliðurinn er andlag
↳ afn

Gunna [er farin heim].

SI -> so SI

L> so AI

L> stao

Fylliliðurinn er staðarliður með hreyfingarsögn

Verkefni 32

Finnið í eftirfarandi erindi tvo sagnliði sem taka með sér staðarlið sem fyllilið. Hafið í huga að ljóðskáld víkja oft frá sjálfgefinni orðaröð.

Í myrkri þessara daga,
þessara endurteknu desemberdaga
stígur mynd þín fram.
Ég finn að þú ert hér
þótt ég sjái þig ekki.

Úr ljóðinu *María og Narkissos* eftir Jóhann Hjálmarsson

[stígur fram]

[ert hér]

Verkefni 33

- a) Í eftirfarandi lýsingu úr *Brennu-Njáls sögu* taka sagnirnar með sér sagnfyllingu sem fyllilið. Reynið að átta ykkur á því hvar sagnfyllingarnar eru.
b) Greinið fyrstu tvo sagnliðina.

Gunnar hét maður. Hann var frændi Unnar. Rannveig hét móðir hans og var Sigfúsdóttir . . . Faðir Gunnars hét Hámundur og var sonur Gunnars Baugssonar.

Úr *Brennu-Njáls sögu*

[hét Gunnar]

SI -> so NI

L> no

[var frændi Unnar]

SI -> so NI

L> no NI

L> no

Verkefni 34

- a) Finnið sagnliðina í eftirfarandi textabroti.
b) Hvers konar fylliliðir fylgja sögunum (andlag, sagnfylling eða staðarliður)?

Fólk [stundar íþróttir] af margvíslegum ástæðum. Árrisulir skokkarar og sundlaugargestir [stunda íþrótt sína] vegna þess að hún [styrkir líkama og sál] og

[eykur þrek þeirra og þol]. Göngufólk [nýtur útiverunnar] og [lærir að bjarga sér] úti í náttúrunni.

Úr *Alfræði unga fólksins*

b) Allir sagnliðirnir taka með sér andlag sem fyllilið.

Verkefni 35

- a) Búið til setningar sem innhalda sagnliði sem hægt er að greina á eftirfarandi hátt.
b) Hvers konar fylliliðir fylgja sögnunum (andlag, sagnfylling eða staðarliður)?

Hugmynd að svari:

- a) Sl -> so Nl
 L> Ll no
 L> lo

Hann [er klár náungi]. Fylliliðurinn er sagnfylling.

- b) Sl -> so Fl
 L> fs Nl
 L> no

Guðjón [flutti til Bandaríkjana]. Fylliliðurinn er staðarliður

- c) Sl -> so Nl
 L> áfn Ll no
 L> lo

Ég [á þennan skrýtna hund]. Fylliliðurinn er andlag

- d) Sl -> so Nl Nl (í svona sagnlið tekur sögn með sér tvö andlög)
 L> no L> no

Guðbjörg [sendi mér bréf].

Ábending:

Gott er að láta nemendur vinna þetta verkefni í pörum/hópum. Síðan gætu nemendur búið til sínar eigin formúlur sem annar hópur ynni með. Hópurinn fær svo lausnina til baka og fer yfir.